

Minnisblað FÁST vegna álits reikningsskila- og upplýsinganefndar nr. 1/2020.

1.

Samantekinn ársreikningur Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020 er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Í skýringum með ársreikningi eru frávik frá kostnaðarverðsreglu tilgreind og eru þau í samræmi við IV. kafla ársreikningalaga. Reykjavíkurborg hefur gert samantekinn ársreikning með þessum hætti frá árinu 2002 með vísan til gildandi laga, reglugerða og auglýsinga á hverjum tíma. Í allan þennan tíma hafa endurskoðendur borgarinnar áritað framlagða ársreikninga án athugasemda, en á tímabilinu 2002 til 2019 hafa þrjár mismunandi alþjóðlegar endurskoðunarstofur endurskoðað ársreikninginn. Þá hefur endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar staðfest gagnvart borgarráð þegar samantekinn ársreikningur hefur verið lagður fram að ársreikningurinn teljist fullgerður og tilbúinn til endurskoðunar í samræmi við 3. mgr. 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

2.

Reikningsskila – og upplýsinganefnd sveitarfélaga gaf út í október sl. álit nr. 1/2020.¹ Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið gaf síðan út tilkynningu þann 19. mars 2021 varðandi álit reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2020. Í tilkynningunni kemur fram að þar sem yfirferð er ekki lokið varðandi tillögugerð til samræmingar á hugtakanotkun í lögum og reglugerðum varðandi samantekin reikningsskil annars vegar og samstæðureikningsskil hins vegar, er litið svo á að sveitarfélög geti beitt sambærilegum reikningsskila- og matsaðferðum og undanfarin ár þar til veittar verða leiðbeiningar um annað.

Með vísan til ofangreindrar tilkynningar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins beitir Reykjavíkurborg sambærilegum reikningsskila- og matsaðferðum vegna ársreiknings 2020 og undanfarin ár.

3.

Helstu niðurstöður álits nr. 1/2021 eru þessar:

Í samstæðureikningi sveitarfélaga skulu notaðar sömu matsaðferðir og í ársreikningi A-hluta sveitarfélagsins. Þetta byggir á 75. gr. laga um ársreikninga.

Noti félag í eigu sveitarfélags, sem færa skal inn í B-hluta þess, skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, aðrar matsaðferðir í eigin ársreikningi en samstæðureikningur sveitarfélagsins byggir á, skulu unnin ný reikningsskil þar sem matsaðferðir eru í samræmi við samstæðureikning. Það gildir þó ekki ef frávik í reikningsskilum félagsins eru óveruleg. Séu frávik gerð skal þeirra getið í skýringum með samstæðureikningi og ástæður fyrir þeim tilgreindar.

Reykjavíkurborg er heimilt að taka reikningsskil Félagsbústaða hf. óbreytt upp í samstæðureikning sinn, ef reikningsskil Félagsbústaða gera ráð fyrir sömu matsaðferð og í samstæðureikningi borgarinnar. Það er ef Reykjavíkurborg metur það svo að starfsemi Félagsbústaða sé á sviði fjárfestinga í fjárfestingarfasteignum og

¹ Í kjölfar álitsins munu nefndinni hafa borist ábendingar um að þrátt fyrir að þetta álit hafi komið fram sé enn óskýrt hvort sveitarfélögum sé heimilt að beita samanteknum reikningsskilum í stað hefðbundinna samstæðureikningsskila.

nýtir sér þar með ákvæði 39. gr. laga um ársreikninga um að meta fasteignir félagsins til gangvirðis, með breytingar yfir rekstur.

4.

Fjármála- og áhættustýringarsvið Reykjavíkurborgar hefur þrátt fyrir áður nefnda tilkynningu samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins rýnt álitid til að greina hver væru möguleg áhrif þess á reikningsskil Reykjavíkurborgar.

Í fyrsta lagi má álykta sem svo að sé í reikningsskilum tiltekins félags í B-hluta liður sem ekki er í A-hluta eða í öðru félagi í B-hluta þá virkjast ekki ofangreint ákvæði 75. gr. ársreikningalaga og ekki er nauðsynlegt að breyta samanteknum reikningsskilum A+B-hluta Reykjavíkurborgar.

Í öðru lagi má álykta að séu mismunandi reikningsskilaaðferðir (matsaðferðir) notaðar vegna sambærilegra liða í félagi í B-hluta og í A-hluta kallar það ekki nauðsynlega á samræmingu reikningsskila í félagi í B-hluta við reikningsskil A-hluta ef áhrif mismunandi reikningsskilaaðferða eru óveruleg á samantekin reikningsskil A+B-hluta Reykjavíkurborgar.

Í þriðja lagi má álykta sem svo að séu áhrif þess að nota mismunandi reikningsskilaaðferðir (matsaðferðir) vegna sambærilegra liða í félagi í B-hluta og í A-hluta veruleg getur það kallað á samræmingu reikningsskilaaðferðar í B-hluta félagi við A-hluta. Eða eftir atvikum að breytt sé reikningsskilaaðferð í A-hluta til samræmis við reikningsskilaaðferðir í B-hluta enda sé það heimilt að lögum. En það má einnig sjá fyrir sér að við gerð samantekinna reikningsskila A+B hluta séu eigin reikningsskil einstakra rekstrareininga aðlöguð að reikningsskilum A-hluta, þar sem reikningsskilaaðferðum viðkomandi rekstrareiningar er breytt til samræmis við reikningsskilaaðferðir A hluta.

Málið snýst í grunninn um það hvort mismunandi reikningsskilaaðferðum hafi verið beitt við mat á fjárfestingareignum í A-hluta (*kostnaðarverðsaðferð*) og í einingum í B-hluta (*gangvirðisaðferð*). Eftir yfirferð fjármála- og áhættustýringarsviðs yfir staðla sem hér eiga við (IAS 40 Investment Property) og þær eignir A-hluta Reykjavíkurborgar (Eignasjóðs) sem koma til greina að falla undir skilgreiningu *fjárfestingaeigna* er það mat sviðsins að engin af stærri eignum A-hluta geti talist fjárfestingareign og einungis örfáar smærri eignir sem gætu flokkast þannig. Áhrif þess að taka upp *gangvirðismat* á þessum eignum hefði óveruleg áhrif til hækkunar á eignum og eigið fé í reikningsskilum A-hluta og í samantekin reikningsskilum A+B-hluta.

Gísli Hlíðberg Guðmundsson
borgarbókari.